

Fundargerð Háskólaráðs 19. febrúar 2014

Staðsetning: Guðmundarstofa 15.30

Mættir: Vilhjálmur Egilsson, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Þorvaldur Jónsson, María Einarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Sigtryggur Arnþórsson og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir sem ritaði fundargerðina. Brynjar Þór Þorsteinsson sat fundinn undir lið 4.

Fjarverandi: Andrea Valgeirsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson og Tinna Jóhannsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt

2. Breyting á reglugerð

6. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst var breytt við síðustu reglugerðarbreytingu á þann veg að nemendafulltrúi skuli ekki nema einn fagráðsfund í mánuði, þar sem fjallað væri um akademíska stefnumótun en ekki persónuleg málefni nemenda sem send eru til fagráðs. Tillaga sett fram á fundi um að breyta þessari grein reglugerðarinnar aftur þannig að nemendafulltrúi sitji alla fundi fagráðs en að nemendur sem senda erindi til fagráðs geti óskað eftir því að nemendafulltrúi víkji af fundi meðan erindið er tekið til afgreiðslu. Samþykkt.

Í 20. gr. reglugerðarinnar eru tekin fyrir inntökuskilyrði inni Háskólagátt. Þar kemur m.a. fram að þeir umsækjendur sem séu eldri en 25 ára gangi fyrir. Til að bregðast við nýútgefnar reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðfaranám nr. 1266/2013 er það lagt til að þessi málsgrein sé tekin út og vísað verði í staðinn í áður tilgreindar reglur ráðuneytisins. Samþykkt.

Í 24. gr. reglugerðarinnar er listað upp úr hvaða brautum Háskólinn á Bifröst útskrifar nemendur. Lagt er til að þessi listi sé tekin út en í staðinn sé talað um að útskrifað sé af þremur fagsviðum, félagsvísindasviði, lögfræðisviði og viðskiptasviði en vísað í „Reglur um nám og kennslu“ og heimasíðuna varðandi mögulegar brautir sem útskrifað sé frá. Samþykkt.

3. Gæðamál. Hvað er framundan?

Nefnd komin af stað í innri úttekt stofnunar. Stefnt að því að drög að skýrslu innri úttektar verði tilbúin fyrir sumarmánuði sem send verði til yfirferðar hjá RANNÍS. Í haust er svo búist við að fá skýrsluna til baka með ábendingum. Vinnan fer vel af stað. Ánægja með aðkomu nemenda að vinnunni.

Rætt um að gæðastarf þurfi að vera stöðugt og fléttað inni starfsemi skólans.

4. Yfirlit yfir kynningarmál

Brynjar Þór Þorste insson fer yfir stöðuna í kynningar- og markaðsmálum. Sýnir fundarmönnum drög að nýjum bæklingi sem á að vera tilbúinn fyrir Háskóladaginn sem haldinn verður 1. mars inni HR. Nemendur Háskólans á Bifröst verða í sérmerktum bolum. Myndbandagerð hefur verið í gangi og búið að taka viðtal við nokkra aðila, aðstoðarrektor og nemendur auk þess sem viðtöl verða svo tekin við alla sviðsstjóra. Bæklingurinn setur línuna í markaðsmálunum/kynningarmálunum. Við höfum verið virk á facebook en svo verða öll mál dýpkuð og eru fagaðilar til ráðleggingar í þeirri vinnu (auglýsingastofa). Efst á baugi er nýtt vefumsjónarkerfi og komin eru nokkur tilboð. Búið að taka tilboði frá fyrirtæki sem heitir DACODA í Reykjanesbæ sem kom með lægsta tilboðið. Talað um að leggja áherslu á kynningu á nýrri línunum og minni í aðrar línur eins og Háskólagátt sem var mikið kynnt fyrir síðasta skólaár. Rætt um að setja upp heildarplan fyrir nemendur, kostnað við að búa á staðnum ásamt skólagjöldum. Gott fyrir tilvonandi nemendur að geta reiknað út dæmið fyrir sig. Umræður.

5. Staða umsókna

Farið yfir umsóknartölur. Fleiri umsóknir núna en á sama tíma fyrir ári.

6. Reglur um Háskólagátt

Reglum dreift til fundarmanna. Reglur nr. 1266/2013. Þessar reglur komu stjórnendum skólans á óvart. Reglurnar herða inngönguskilyrði inni Háskólagátt. Farið yfir reglurnar og þær ræddar. Kostir og gallar. Sérstaklega rætt um stöðu raunfærnimats og áhrif reglnanna á Menntastöðir símenntunarstöðvanna og hvað verði um þá nemendur sem ætluðu sér í Háskólagátt í haust eftir að hafa lokið Menntastöðum. Vilhjálmur Egilsson, rektor og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu (Forstöðumaður Háskólagáttar) fara á fund í ráðuneytinu fimmtudaginn 20. febrúar. Rætt um hvort HB geti tekið að sér raunfærnimat. Ákveðið að skoða málið og finna útúr því hvort leita þurfi viðurkenningar á að fá að annast sjálf raunfærnimat.

7. Rekstur ferðaþjónustu á Bifröst

Þorvaldur fer yfir stöðuna. Síðasta ár hefur verið gert upp og ljóst er að tap er á rekstrinum. Gistingin er í lagi en kaffihúsið er í tapi. Starf farið af stað til að greina vandamálið. Dagarnir brotnir niður og skoðað hvar tekjurnar eru að koma inn. Er verið að tapa af hádegismat, áfengissölu eða einhverju öðru? Í sumum tilfellum eru verð of lág og öðrum tilfellum eru verð of há auk þess sem skoða þarf hráefnisnotkun og starfsmannamál. Reksturinn í skipulagðri skoðun. Stjórnendur hafa verið í miklu markaðsstarfi varðandi ferðaþjónustu og verið að velta fyrir sér hvernig halda eigi því starfi áfram. Ljóst er að skólinn hefur ekki efni á að tapa meiru af rekstri ferðaþjónustu. Fulltrúi nemenda kastar fram hugmynd um að fá utanaðkomandi aðila til að reka ferðaþjónustuna. Rætt um möguleikann á að taka upp „airbnb“ bókunarkefi á netinu. Vonast eftir að sýningin um íslenskt atvinnulíf ýti undir ferðaþjónustuna. Markmið að koma rekstrinum á núllpunkt og kostur að hafa nemendur með í þeirri vinnu (nemendaverkefni). Umræður.

8. Sýningin Íslenskt atvinnulíf

Verið að vinna í að fá fyrirtæki með í sýninguna. Komin um 30 fyrirtæki og 20-30 fyrirtæki sem enn eru að hugsa málið. Mikil vinna hefur farið í að afla þátttakenda í sýninguna. Aðalsýningarsalurinn verður í Vikrafelli en einnig um ganga skólans. Sýningin á að vera

auðfæranleg þannig að hægt verði að nota Vikrafell einnig sem kennslustofu eftir sumarið. Ekki er gert ráð fyrir að mikill kostnaður verði við uppsetningu sýningarinnar. Þó verður að mála Vikrafell, bæta lýsingu og kaupa snertiskjái (sem kannski mesti kostnaðurinn mun felast í). Markmiðið er svo að hægt verði að nota snertiskjána í kennslu einnig. Ekkert aðgangsgjald verður á sýninguna en fyrirtækin borga auglýsingakostnaðinn. Það sem koma á fram í sýningunni er m.a. hvaða verðmæti eru fyrirtækin að búa til, hvað eru fyrirtækin að gera gott fyrir samfélagið, hver eru helstu verkefni og hver er framtíðarsýnin (mannlega hliðin).

9. Vinnuhópur um háskólamál í Borgarfirði

Það síðasta sem hefur verið gert í hópnum er að KPMG var fengið til að gera sviðsmyndagreiningu fyrir LBHÍ sem sjálfstæðan skóla (sjálfseignarstofnun) og svo sem hluta af HÍ. Hópurinn fundaði í morgun þar sem farið var yfir greininguna og velt upp hinum ýmsu „hvað ef“ spurningum. KPMG þarf að klára vinnuna við sviðsmyndagreininguna í næstu viku og þá liggja niðurstöður fyrir. Svo þarf að leggja niðurstöðuna fyrir Búnaðarþing sem tekur svo ákvörðun um hvort að Bændasamtökin komi inn og taki LBHÍ undir sinn verndarvæng. Það er eitthvað sem gæti komið í veg fyrir sameiningu við HÍ. Taka þarf ákvörðun um þetta á faglegum grunni. Umræður.

10. Útskriftarathafnir

Sagt frá að í framkvæmdastjórn hefði verið tekin sú ákvörðun að formlegar útskriftarathafnir verði tvær á ári í stað þriggja. Niðurstaðan var sú að útskriftarathafnir yrðu bara í febrúar og júní og tekur það gildi nú þegar og því engin útskrift í september 2014. Nemendur fá þó öll mikilvæg gögn til að geta sótt um áframhaldandi nám um leið og námi þeirra er lokið en formlegri athöfn getur seinkað. Samþykkt.

11. Önnur mál

a. Skólagjöld

Reglur um skólagjöld uppfærðar í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun sem farið hefur fyrir háskólaráð áður. Reglurnar kynntar fundarmönnum. Verða birtar nemendum næstu daga.

b. Erindi frá nemanda

Áfrýjun úrskurðar fagráðs vegna úrsagnar úr skóla á grundvelli 28. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst.

Aðilar háskólaráðs sem sitja einnig í fagráði taka ekki afstöðu til málsins. Háskólaráð staðfestir úrskurð fagráðs en bendir nemanda á að endurinnrita sig og fá metið þau námskeið sem hann hefur einkunnina 7 eða hærra í (skv. 23. gr. reglugerðar skólans). Nemandi óskar eftir að fá fund með rektor, aðstoðarrektor og kennslustjóra til að fara yfir málið. Nemanda tilkynnt að það sé sjálfsagt mál.

Fundi slitið kl. 17:33.

Fundargerð samþykkt á Háskólaráðsfundi 19.3.2014